

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Teitssonar 72 skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Teitssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Teitssonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hreppsnefnd Miðneshrepps á dánardægri Aðalsteins heitins Teitssonar skólastjóra 14. jan. 1957, sem viðurkenningarvottur fyrir margháttuð störf hans í þágu hreppsfélagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í sparisjóðnum í Keflavík. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga úr Miðneshreppi, til framhaldsnáms í einhverjum hagnýtum fræðum.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skipa hana: Skólastjóri barna og unglingaskólans í Sandgerði, á hverjum tíma, Guðný Björnsdóttir, ekkja Aðalsteins Teitssonar, meðan hennar nýtur við, síðan eitthvert barna hennar eða nánasti ættingi, eftir þeirra tilnefningu. Þriðji nefndarmaður skal kosinn af hreppsnefnd Miðneshrepps, eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, í hana skal rita skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins, umsóknir um styrki og skrá um úthlutanir úr sjóðnum.

6. gr.

Vexti og annað er sjóðnum kann að áskotnast skal leggja við höfuðstólinn þar til hann er orðinn að upphæð kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —. Eftir það má úthluta úr sjóðnum annað hvort ár, sem svarar hálfum vöxtum yfir það tímabil. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 75000.00 — sjötíu og fimm þúsund krónur — má úthluta úr sjóðnum á sama hátt, þrem fjórðu hlutum vaxtanna. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund — má árlega úthluta sjö áttunda hlutum vaxtanna, einn áttunda hluta vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.